


# HJÖRVI

## Hálfgljáandi útimálning

**Gerð:** Vatnsþynnanleg hálfgljáandi útimálning.

**Notkunarsvið:** Einkum ætlaður á þök og málmklæðningar, bæði við ný- og endurmálun. Málningin hefur góða viðloðunareiginleika og hentar vel til endurmálunar á fleti áður málaða með alkýð- eða akrýlmálningu.

**Eiginleikar:** Vatnsþynnanleg akrýlmálning með frábært vatns- og veðrunarþol. Málning með afburða þvottheldni, litheldni og mótstöðu gegn gulnun og krítun. Málningin er auðvelt í notkun, fljótþornandi og heldur lit og gljáa sérlega vel.

Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund.
Enga ábyrgð eða tryggingu fyrir árangri er þó unnt að gefa,
þar eð skilyrði við notkun eru utan takmarka okkar umráða.

# TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR

| | |
|---|---|
| **Stofnar:** | HVÍTUR, STOFN A og STOFN C |
| **Litir:** | Hægt að lita í fjölda lita. |
| **Gljástig:** | Hálfgljáandi (30) |
| **Efnisnotkun:** | 8-10 $m^2$/l |
| **Pakkningar:** | 1, 4 og 10 lítrar |
| **Áhöld:** | Pensill, rúlla eða sprauta. |
| **Þurrktími og yfirmálun:** | Snertiþurrt 1-2 klst við 10°C<br>Yfirmálun 6-8 klst við 10°C |
| **Eðlismassi:** | 1,2-1,4 g/ml |
| **Þurrefni (rúmmál):** | Um 40 % |
| **Geymsla:** | Geymið í lokuðum umbúðum á dimmum og svölum stað. Má ekki frjósa. Eftir opnun skerðist geymsluþol. |
| **VOC:** | Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk fyrir þessa vöru (fl. A/d) 130 g/l.<br>Varan inniheldur að hámarki 35 g/l |

Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund.
Enga ábyrgð eða tryggingu fyrir árangri er þó unnt að gefa,
þar eð skilyrði við notkun eru utan takmarka okkar umráða.

## VERKLÝSING

| | |
|---|---|
| **Notkunar aðstæður:** | Hitastig flatar skal vera yfir 5°C og helst ekki heitari en 25°C. Loftraki skal vera undi 80%. |
| **Undirbúningur:** | Undirlag skal vera þurrt og hreint fyrir málun. Ryð og laust bundið yfirborð skal fjarlægja t.d. með slípun. Olíu, fitu og önnur óhreinindi skal fjarlægja með hreinsiefnum. Skolið öll hreinsiefnin vel af og látið flötinn þorna vel fyrir málun. Ryð og ómálaða fleti skal grunna með viðeigandi grunni. |
| **Málun:** | Notið sama framleiðslunúmer til að klára hverja umferð. Málið eina til tvær umferðir eftir þörfum. Forðast skal að mála í beinni sól. Varasamt getur verið að mála utanhúss ef von er á náttfalli. Þurrk- og yfirmálunartími lengist til muna ef mikill raki er í loftinu og ef hitastig er lágt. |
| **Þynnir:** | Vatn, allt að 10% til að auðvelda vinnslu.<br>Ekki skal geyma þynnta málningu. |
| **Umhverfi:** | Verndum umhverfið: Skafið málningu af áhöldum fyrir hreinsun. Hreinsið með volgu vatni strax eftir notkun. Skilið afgöngum og tómum umbúðum á næstu endurvinnslustöð. |
| **Athugið:** | Lágmarks þakhalli 15°. Rétt er að gera viðloðunarpróf á lituðum málmklæðningum. Við endurmálun getur jafnframt þurft að heilgrunna með viðeigandi grunni mjög veðruð og kölkuð yfirborð. Góð undirvinna er jafnan forsenda góðs árangurs. |

Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund.
Enga ábyrgð eða tryggingu fyrir árangri er þó unnt að gefa,
þar eð skilyrði við notkun eru utan takmarka okkar umráða.